Nr. 13
31. júlí.

# Reglugjörð
fyrir
## Fiskiveiðasjóð Íslands.

---

1. gr.

Lán úr Fiskiveiðasjóði Íslands má veita öllum þeim, sem sjáfarútveg stunda sem atvinnuveg, svo og hlutafjelögum, sem fiskimenn eiga meira en helming hlutafjárins í. Lán má veita gegn fasteignarveði allt að $^{3}/_{5}$ virðingarverðs, enda eigi ekki aðrir forgangsrjett fyrir lánum þessum en opinberir sjóðir. Gegn tryggingu í gufuskipum og öðrum þilskipum yfir 16 smálesta má lána allt að helmingi vátryggðs verðs með 1. forgangsrjetti, og gegn tryggingu í mótorbát, 8—16 smálesta að stærð, má lána allt að þriðjungi vátryggðs verðs, enda sjeu skip þau og mótorbátar, er að veði eru sett, vátryggð í ábyrgðarfjelagi, sem stjórnarráðið tekur gilt.

2. gr.

Vextir af lánum þessum skulu vera 3 af hundraði á ári. Lánin mega vera afborgunarlaus 1 til 3 ár eptir atvikum, en endurborgist síðan með jöfnum greiðslum á 7 til 5 ára fresti.

3. gr.

Upphæð þeirra lánveitinga, sem heimilar eru samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinnar, má eigi vera hærri til hvers lánþega en nú skal greina:

a. Skipakaupslán mega ekki hærri vera en 15,000 kr. til hvers gufuskips yfir 30 smálesta, og eigi hærri en 10,000 kr. til gufuskips, ef minna er; eigi hærri en 5,000 kr. til hvers seglskips yfir 16 smálesta að stærð, hvort sem hreyfivjel er í því eða ekki, og eigi hærri en 2,000 kr. til þilskipa, 16 smálesta eða minni, nje til vjelabáta.
b. Veiðarfæralán hvert má eigi hærra vera en 2,000 kr.
c. Atvinnubótalán má eigi veita hærri en 5,000 kr.

4. gr.

Láni hverju skal lántakandi skyldur að verja til þess, sem lánið er veitt til og tilgreint er í lánbeiðninni. Sje láninu að einhverju leyti eigi varið þannig, er það þegar fallið í gjalddaga. Nú er skipi eða mótorbát, sem að veði er sett sjóðnum, eigi haldið út til fiskiveiða einhverja vertíð, og er lánið þá án uppsagnar fallið í gjalddaga, nema öðruvísi semjist við stjórnarráðið, enda hafi stjórnarráðið eigi veitt leyfi til þess að skipið væri upp sett eða til annars notið þá vertíð.

5. gr.

Þeir sem lán vilja fá úr Fiskiveiðasjóðnum, skulu senda beiðni um það til stjórnarráðsins með venjulegum lántökuskilríkjum að því er snertir hin framboðnu veð.

Nr. 13.
31.
Juli.

# Reglement

for

## Islands Fiskerifond.

§ 1.

Laan af Islands Fiskerifond kan ydes til enhver, der driver Fiskeri som Næringsvej, samt til Aktieselskaber, hvori over Halvdelen af Aktiekapitalen tilhører Fiskere. Laan kan bevilges mod Pant i faste Ejendomme indtil $^3/_5$ af Vurderingssummen, dog saaledes at kun Laan af en offentlig Kasse maa være forud prioriterede. Imod Sikkerhed i Dampskibe og andre Dæksskibe af over 16 Tons brutto kan laanes indtil Halvdelen af Assurancesummen mod 1. Prioritets Panteret. Imod Sikkerhed i Motorbaade af 8—16 Tons brutto kan laanes indtil en Tredjedel af Assurancesummen, dog kun for saa vidt, at de pantsatte Skibe og Baade ere assurerede i et Assuranceselskab, som Ministeriet godkender.

§ 2.

Af bemeldte Laan betales 3 pCt. p. a. i Rente. De kan være afdragsfri i 1—3 Aar efter Omstændighederne, men afbetales derpaa med lige Afdrag i 7—5 Aar.

§ 3.

De i Henhold til Fundatsens § 3 bevilgede Laan maa ikke til en enkelt Laantager overstige de nedenfor bestemte Beløb:

a. Laan til Indkøb af Skibe maa ikke overstige 15,000 Kr. til hvert Dampskib af over 30 Tons, og ikke over 10,000 Kr. til et mindre Dampskib. Til hvert Sejlskib af over 16 Tons, hvad enten samme er forsynet med Motor eller ikke, maa ikke ydes et større Laan end 5,000 Kr., og ikke over 2,000 Kr. til Dæksfartøjer af 16 Tons eller derunder, eller til Motorbaade.
b. Laan til Anskaffelse af Fiskeriredskaber maa ikke overstige 2,000 Kr. til en enkelt.
c. Laan til Foranstaltninger til Fiskeriernes Udvikling maa ikke overstige 5,000 Kr.

§ 4.

Ethvert Laan skal af Laantageren anvendes i det Øjemed hvortil det ydes i Henhold til hans Ansøgning. Hvis Laanet ikke i sin Helhed anvendes i det angivne Øjemed, er det straks forfaldet til Betaling. Hvis et til Fonden pantsat Skib eller Motorbaad i nogen Fiskesæson ikke gaar ud paa Fiskeri, er Laanet uden Opsigelse forfaldet til Betaling, medmindre der er truffet særlig Aftale herom med Ministeriet; dog gælder dette selvfølgelig ikke, hvis Ministeriet har givet Tilladelse til at Skibet blev bragt paa Land eller benyttet i andet Øjemed den paagældende Fiskesæson.

§ 5.

De, som ønsker at faa Laan af Fiskerifonden, skal, foruden de sædvanlige til Optagelse af Laan fornødne Bevisligheder med Hensyn til den frembudne Sikkerhed, indsende

Nr. 13. Umsóknum um skipakaupalán skal auk virðingargjörðarinnar fylgja sölusamningurinn
31. júlí. og skjöl skipsins eptir því sem unnt er, ella önnur skilríki um rjett nafn skipsins, heimkynni, aldur, stærð, byggingarefni og eignarheimild seljanda. Í umsóknum um veiðarfæralán skal nákvæmlega lýsa því, hverskonar veiðarfæri umsækjandi ætlar að kaupa og hve mikil. Í umsóknum um lán til atvinnubóta við fiskiveiðar eða fiskverkun skal vera nákvæm lýsing á fyrirtæki því, sem um er að ræða, og tilgangi þess, svo og áætlun um kostnað. Öllum lánbeiðslum skal fylgja vottorð yfirvalds um að umsækjandi stundi sjáfarútveg sem atvinnu, eða ef um hlutafjelag er að ræða, að fiskimenn eigi meira en helming hlutafjárins, og ennfremur vottorð yfirvalds eða hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að umsækjandi sje líklegur til þess, að lánið komi að tilætluðum notum í hans höndum.

6. gr.

Þeir sem vilja öðlast styrk úr Fiskiveiðasjóði til einhvers þess, sem um ræðir í 5. gr. skipulagsskrárinnar, skulu senda umsóknir sínar til stjórnarráðsins fyrir lok októbermánaðar ár hvert, og veitist þá styrkurinn um áramótin af komandi árs tekjum. Í umsóknum um utanfararstyrk skal tilgreina, hvað beiðandi ætlar sjerstaklega að kynna sjer, og hvert gagn hann hyggi, að af því megi verða hjer á landi. Umsóknunum skulu fylgja meðmæli að minnsta kosti tveggja valinkunnra útgjörðarmanna eða skipstjóra er votti, að umsækjandi sje reglusamur og efnilegur maður, ötull og líklegur til þess að færa sjer styrkinn vel í nyt. Utanfararstyrk má eigi veita lægri en 100 kr., nje hærri en 600 kr. hverjum. Þeir er fá slíkan styrk eru skyldir að senda stjórnarráðinu opinbera skýrslu um árangurinn af ferðinni, og hvað þeir hafa kynnt sjer sjerstaklega, er að gagni mætti koma.

7. gr.

Þeir sem vilja öðlast verðlaun úr sjóðnum fyrir framúrskarandi atorku og eptirbreytnisverðar nýjungar í fiskiveiðum og meðferð fiskjar, skulu fyrir oktobermánaðarlok senda stjórnarráðinu umsókn um, að þeir megi koma til greina. Umsókninni skal fylgja skýrsla tveggja valinkunnra manna, sem reynzlu og þekking hafa í því, er að fiskiveiðum lýtur, með árituðu vottorði sýslumanns eða bæjarfógeta um að svo sje. Í skýrslunni skulu þeir skýra nákvæmlega og eptir beztu vitund frá þeim framkvæmdum umsækjanda og nýjungum, sem taldar eru verðlaunaverðar, og nytsemd þeirri, er af þeim hefur hlotnazt. Eigi verða þær framkvæmdir teknar til greina sem hafa minna en 5 ára reynzlu við að styðjast. Lægri verðlaun en 50 kr. skulu eigi veitt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur að hegða sjer.

**Í stjórnarráði Íslands, 31. júlí 1906.**

***H. Hafstein.***

*Jón Hermannsson.*

Nr. 13. Reglugjörð 31. júli fyrir Fiskiveiðasjóð Íslands.

Ansøgning derom til Ministeriet. Gaar Andragendet ud paa Laan til Indkøb af Skib, skal foruden Vurderingsforretningen indsendes Købekontrakt og Skibets Papirer i videst mulige Omfang, i modsat Fald andre Bevisligheder til Oplysning om Skibets rette Navn, Hjemsted, Alder, Størrelse, Bygningsmateriale samt Sælgerens Adkomst. Andragender om Laan til Indkøb af Fiskeredskaber skal indeholde en nøjagtig Beskrivelse af, hvilke Redskaber Ansøgeren agter at købe, og i hvilket Omfang. Andragender om Laan til Udvikling af Fiskerierne eller Fisketilvirkningen, skal ledsages af en nøjagtig Beskrivelse af det paagældende Foretagende, dets Øjemed samt endvidere Overslag over de dermed forbundne Omkostninger. Alle Andragender om Laan skal ledsages af Øvrigheds-Attester om, at Ansøgeren driver Fiskeri som Næringsvej, eller for saa vidt angaar Aktieselskaber, at over Halvdelen af Aktiekapitalen tilhører Fiskere, og endvidere af et Vidnesbyrd fra vedkommende Øvrighed eller Kommunalbestyrelse om, at Ansøgeren kan forventes at benytte Laanet i det angivne Øjemed.



§ 6.

De, som ønsker at faa Understøttelser af Fiskerifonden til et af de i Fundatsens § 5 angivne Øjemed, skal indgive Ansøgning derom inden Udløbet af Oktober Maaned aarlig, hvorefter uddeles ved Nytaars Tid af det følgende Aars Indtægter; i Ansøgninger om Understøttelse til en Udenlandsrejse skal det nærmere angives, hvad Ansøgeren særlig agter at gøre sig bekendt med, og hvilken Nytte han formener at det kan stifte her i Landet. Ansøgningen skal være ledsaget af en Anbefaling fra i det mindste to agtede Redere eller Skippere, der bevidner, at Ansøgeren er en ordentlig og lovende Mand, og i Besiddelse af en saadan Dygtighed, at det kan forventes, at han vil drage god Nytte af Understøttelsen. Understøttelse til Udenlandsrejse maa ikke være under 100 Kr., og ikke overstige 600 Kr. til hver. De, der erholder en saadan Understøttelse, har at indgive til Ministeriet en Beretning om det Udbytte, de har haft af Rejsen, og hvad de særlig har gjort sig bekendt med, som kan stifte Nytte.

§ 7.

De, der ønsker at erholde Præmier af Fonden for udvist fremragende Dygtighed og for saadanne Nyheder vedrørende Fiskeri og Fisketilvirkning, der kan tjene andre som Eksempel, skal inden Oktober Maaneds Udgang indsende en Ansøgning til Ministeriet om at maatte komme i Betragtning. Ansøgningen skal være ledsaget af en Beretning fra 2 hæderlige og med Hensyn til Fiskerier erfarne og kyndige Mænd, med en af vedkommende Sysselmand eller Byfoged herom paategnet Attest. Beretningen skal indeholde nøjagtige og efter bedste Skønnende afgivne Oplysninger om de af Ansøgeren udførte Arbejder og nye Foranstaltninger, der betragtes som værdige til Prisbelønning, samt den Nytte, de har frembragt. Kun den Virksomhed kommer i Betragtning, der i mindst 5 Aar har staaet sin Prøve. Præmier med mindre Beløb end 50 Kr. gives ikke.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Islands Ministerium, den 31. Juli 1906.**

***H. Hafstein.***

*Jón Hermannsson.*

Nr. 13. Reglement af 31. Juli for Islands Fiskerifond.

**Optrykt Side.**